

Farmtrygging (B)

Staðlað upplýsingarskjal um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli M-3

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER FARMTRYGGING (B)?

Farmtrygging (B) er takmörkuð flutningsvernd og bætir sérstaklega tilgreind fjárhagsleg tjón á vörum í flutningi.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Tjón vegna elds, sprengingar, jarðskjálfta, eldgoss eða eldingar.
- ✓ Tjón ef skip eða flutningsfar strandar, sekkur eða hvolfir.
- ✓ Tjón ef flutningstæki á landi hvolfir eða fer út af spori.
- ✓ Tjón ef skip, flutningsfar eða flutningstæki rekst á eða snertir fastan eða fljótandi ytri hlut.
- ✓ Kostnað við losun á farmi í neyðarhöfn.
- ✓ Tjón vegna samtjónsfórnar, þegar farmi er varpað fyrir borð eða honum skolar fyrir borð.
- ✓ Tjón ef sjór eða ósalt vatn úr stöðuvatni eða á kemst í skip, flutningsfar eða flutningstæki, gáma, flutningsvagna eða geymslustað.
- ✓ Altjón á sjálfstæðum einingum, sem falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun skips, flutningsfars eða flutningstækis.
- ✓ Samtjónsframlög og björgunarkostnað.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs.
- ✗ Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu váttryggða.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu váttryggða.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af innri skemmd eða eðli hins váttryggða.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af töf, gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum.
- ✗ Skemmdarverk, sem af ásetningi er unnið á hinu váttryggða, hver sem í hlut á.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af því að skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til öruggs flutnings á hinu váttryggða, ef váttryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það.

- ✓ Skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan sem stofnast vegna ákvæðis í flutningssamningi um beggja sök í árekstri vegna bótaskylds tjóns.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.

- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af stríði, borgarastyrjöld, uppreisn eða fjandsamlegum aðgerðum af hendi stríðsaðila.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af hernámi, töku með valdi, farbanni, fartöf eða kyrrsetningu og afleiðingum af þessu eða tilraunum til þess, eða af völdum yfirgefins tundurdufls, tundurskeytis, sprengju eða öðrum yfirgefnum stríðsvopnum.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem menn í verkfalli eða verkbanni valda eða þátttakendur í vinnuóeirðum og uppþotum, eða sem stafa af verkföllum, verkbönnum, vinnuóeirðum, uppþotum eða borgararóstum.
- ✗ Tap, skemmdir eða kostnað sem hermdarverkamenn valda eða þátttakendur í pólitískum aðgerðum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins fyrir hið vátryggða á flutningi.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Ef váttryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að váttryggingin hófst, skal hann tilkynna það tafarlaust. Vörður mun þá halda váttryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.
- Þegar hætta er á, að bótaskyld tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er skyldt að gera ráðstafanir til að afstýra tjóni eða draga úr því og tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk váttryggingarbóta fyrir tjónið.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Váttryggingaverndin hefst um leið og flutningurinn, þ.e. þegar hið váttryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstað og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu: a) Við komu hins váttryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í váttryggingarskírteini. b) Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem váttryggður kann að velja annaðhvort til geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða sölu eða dreifingar. c) Sextíu dögum eftir að hið váttryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu.